

Reykjavík, 04.01.2015

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík**Efni:** Samráð vegna kerfisáætlunar Landsnets 2015-2024

Við er til heimasíðu Landsnets þar sem birt er kerfisáætlun 2015-2024. Eftirfarandi eru athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur og Veitna.

Samfélags- og rekstrarleg áhrif

Styrking flutningsnets Landsnets mun hafa jákvæð áhrif á rekstur dreifikerfis Veitna, þar sem styrkingin dregur úr líkum á afhendingarbresti. Hins vegar er vandséð í kerfisáætluninni hver raunveruleg þörf er á aukinni flutningsgetu víða í raforkukerfinu og þar með hvernig verðskrá Landsnets muni þróast.

Varðandi flutningsmannvirki um langar vegalengdir á hálendinu hefði verið gagnlegt að hafa kostnaðarsamanburð á raforkuflutningi með jafnstraumi annars vegar og riðstraumi hins vegar, þar sem riðstraumsstrengur hefur mun meiri takmarkanir í vegalengd flutnings. Í kafla 2.1. er stuttlega vikið að þessu máli, en þyrfti að vera dýpra til að varpa sýnileika á alla valkosti.

Áhrif á vatnsvernd og neysluvatn

Orkuveita Reykjavíkur leggur áherslu á að ávallt skal gæta fyllstu varúðar og öryggis þegar um er að ræða möguleg neikvæð áhrif framkvæmda á hreinleika og gæði neysluvatns.

Í kerfisáætluninni er fjallað um háspennulínur og jarðstrengi. Komi til þess að áform séu um að leggja háspennulínu eða jarðstreng í grennd við skilgreind vatnsverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum, er nauðsynlegt að meta þann kost að hnika línu/streng framhjá svæðinu þar sem kostur er. Sé það ekki tilfellið þarf að setja reglur um verklag á vatnsverndarsvæðum í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit.

Orkuveita Reykjavíkur leggur áherslu á mótvægisáðgerðir og vöktun, sem raktar eru í töflu 10.1 í umhverfisskýrslu kerfisáætlunar Landsnets og bendir ennfremur á mikilvægi þess að setja skýra skilmála sem tryggja beina aðkomu viðkomandi heilbrigðiseftirlits á framkvæmdatíma.

Virðingarfyllst,


Hildigunnur Thorsteinsson
framkvæmdastjóri þróunarsviðs OR